

## **Þriðji fundur haldinn að Breiðabliki 8. apríl 2020 að Breiðabliki kl. 20:00**

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Tímabundin heimild til að víkja frá ákvæðum sveitarstjórnarlaga v. neyðarstigs almannavarna er varðar fundi hreppsnefndar og nefnda í gegnum fjarfundarbúnað. Samþykkt heimild til þess að hafa hreppsnefndarfundi sem og nefndarfundi í fjarfundarbúnaði til þess að hafa þann möguleika ef með þarf.
2. Viðbrögð sveitarfélagsins við covid 19 veirunni, skóli og leikskóli. Þegar fyrstu takmarkanirnar komu var farið í það að búa til reglur fyrir skóla og leikskóla og þær kynntar. Þetta fyrirkomulag gekk ágætlega en bæði foreldrar og starfsmenn voru áhyggjufullir og mikil orka fór í að vinna með reglunum og að allir færu eftir þeim. Þegar seinni takmarkanirnar komu ákváðu oddviti og skólastjóri að höfðu samráði við hreppsnefnd og kennara að breyta skólahlaldi með þeim hætti að börnin yrðu heima og þeim kennt í gegnum fjarfundarbúnað. Markmiðið með þessari aðferð var að öll börnin fengju kennslu með kennara, kennarar gætu eibeitt sér að því að kenna og þyrftu ekki að hafa áhyggjur af smitleiðum og hvort reglur yrðu virtar. Jafnframt vorum við að gefa heimilunum tækifæri á því að vera með fulla stjórn á sinni umgengni við aðra með tilliti til að þeir eru í matvælaframleiðslu.
3. Framkvæmdir á árinu. Ríkisstjórnin hefur kallað eftir því að sveitarfélögin flýttu framkvæmdum í sveitarfélögunum. Oddviti lagði fram lista yfir framkvæmdir sem mögulegt væri að fara í. Hreppsnefnd jákvæð fyrir að flýta framkvæmdum en það myndi skipta máli ef sveitarfélögin fengu vsk af framkvæmdunum endurgreiddan.
4. Fasteignagjöld vegna 2020 gjaldagar. Fasteignagjöld af c lið, atvinnuhúsnæði, er hjá okkur 0,5 % en ekki er heimild fyrir því í lögum að fella hann niður, né lækka eftir að álagning er kynnt en það er gert við gerð fjárhagsáætlunar í desember síðastliðnum. Hreppsnefnd samþykkir að fyrsti gjaldagi verðir 30. júní næsti 30 ágúst og síðan 30. september, 30. október og síðasti 30. nóvember.
5. Frekari viðbrögð við stöðunni eins og hún er.
  - Leikskólagjöld verða feld niður til vors þó svo að leikskólinn komi saman áður, vonandi sem fyrst.
  - Fellt verður niður gjald fyrir mótuneyti út skólaárið fyrir skóla og leikskóla.
  - Ekki hafið að rukka fasteignagjöld á neinn en fyrsti gjaldagi verður 30 júní og síðan dreifist það til loka nóvember.
  - Til að tryggja sem best öryggi íbúa, en þeir eru það mikilvægasta sem til staðar er í okkar samfélagi og öryggi þeirra starfsemi verður áfram eins og þarf kennsla í gegnum fjarfundabúnað.
  - Íbúar hafa lokað sig af undanfarnar vikur til að verja sig fyrir veirunni og einnig hafa börnin verið heima. Hreppsnefnd mun því þegar óhætt verður vegna veirunnar styðja við bakið á þeim félögum í samfélaginu sem vilja standa fyrir viðburðum í sumar. Sérstaklega eru bundnar vonir við að nýkjörin stjórn fyrir ÍM muni verða með öflugt starf í sumar fyrir sem flesta.

- Hreppsnefnd mun leitast við að flýta framkvæmdum sem fyrirhugaðar voru næstu tvö árin. Miklu máli myndi skipta ef sveitarfélagið fengi vsk endurgreiddan vegna þeirra framkvæmda, lögð verður áhersla á;
    - Laga sundlaugina og umhverfi hennar.
    - Fara í endurbætur á skólanum bæði að innan sem utan.
    - Fara í endurbætur á umhverfi Breiðabliks og fl þar.
    - Klára deiliskipulag með íbúðarbygð við Laugargerðisskóla með það í huga að kanna áhuga á byggingum þegar líður á sumarið.
    - Skipta um járn á efra þaki íþróttahús of fl.
6. Staða verkefna í aðgerðapakka sveitarfélaga um viðspyrnu sveitarfélaga gegn samdrætti í þjóðarbúskapnum. Lagt fram til kynningar.
  7. Drög að samning við Borgarbyggð og varðar brunavarnir. Afgreiðslu frestað og oddvita falið að leita skýringa á sjöttu grein sem varðar umfram greiðslur.
  8. Húsaleigusamningur vegna íbúðar í skólanum. Samningurinn samþykktur
  9. Íbúaskrá lögð fram. Íbúar 1. desember 2019 voru 124
  10. Umsögn um skipulags- og matslýsingu fyrir endurskoðun á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016. Ekki athugasemd af hálfu Eyja og Miklaholtshrepps.
  11. Styrkbeiðni frá N4. Beiðninni hafnað.
  12. Umsókn Helix slf vegna stöðuleyfis götu og torgsölu. Umsóknin samþykkt samhljóða af hreppsnefnd.
  13. Fundargerð 880 fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Lögð fram til kynningar.
  14. Fundargerð 39 fundar skipulags og byggingarnefndar frá 26. mars 2020. Fundargerð samþykkt.
  15. Verksamningur við vinnuvernd. Afgreiðslu frestað.
  16. Drög að reglum um skólaakstur frá fræðslu og skólanefnd. Afgreiðslu frestað.
  17. Fulltrúi EM í nefnd til að skoða ráðstöfun á úthlutun Safnaráðs. Samþykkt að tilnefnda Gísli Guðmundsson.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Katrín Gísladóttir ( sign )

Halldór Jónsson ( sign )

Gísli Guðmundsson ( sign )

Atli Sveinn Svansson ( sign )

Eggert Kjartansson ( sign )